

# FJÖLSKYLDUSKÁTASTARF

Handbók fyrir skátaforingja





## INNGANGUR

Skátafélögum sem bjóða upp á fjölskylduskátastarf fer sífellt fjölgandi en þessi handbók er skrifuð með það í huga að vera þeim, og nýgræðingum, innan handar.

Í handbókinni er farið yfir eftirfarandi þætti; hvað eru fjölskylduskátar, markmið starfsins, af hverju fólk ætti að stunda fjölskylduskáta og viðfangsefni og uppsetning skátafundanna.

Við vonum að handbókin veiti ykkur innblástur til að vinna að spennandi verkefnum með ykkar fjölskylduskátasveit!



## HVAÐ ERU FJÖLSKYLDUSKÁTAR?

Fjölskylduskátastarf er tækifæri fyrir skátafélög að bjóða fjölskyldum í þeirra umdæmi upp á skipulagðar samverustundir sem miða að því að auka ánægjulegar upplifanir í náttúrunni. Á fjölskylduskátafundi mæta börn ásamt fullorðnum aðila, sem tekur þátt í verkefnum fundarins með þeim. Útgangspunktur starfsins er að ungir skátar þroskist við það að fást við ólík verkefni í samvinnu við ábyrgðaraðila.

Í gegnum fjölskylduskátastarf gefst börnum og fullorðnum tækifæri til að kynnast skátastarfi á skemmtilegan og fjölbreyttan hátt. Engin aldurstakmörk eru á fjölskylduskátastarfi heldur er áhersla lögð á að bjóða upp á dagskrá sem einstaklingar á fjölbreyttum aldri hafa gaman að.

Fyrir marga þátttakendur er fjölskylduskátastarfið fyrsta upplifun þeirra af náttúrunni og einn af töfrum starfsins er að fylgjast með þeim átta sig á umhverfi sínu og komast yfir þær áskoranir sem verða á vegi þeirra. Líkt og í öðru skátastarfi er ferlið sjálft mikilvægasti þáttur allra verkefna, ekki afurðin. Hvort sem verkefnið er að baka brauð eða fara í náttúrubingó eru það alltaf samverustundirnar sem skapast, samvinnan sem æfist eða ævintýrin sem myndast sem eru kjarninn í starfinu.

Skátahreyfingin byggir á sterkum sameiginlegum gildum og sérstakri skátaaðferð og í skátastarfi verður til samvera sem er gjarnan ólík samverustundum annars staðar.





## MARKMIÐ

**Samverustundir fjölskyldna eru stór forvarnarþáttur í uppeldi barna og ungmenna og vilja Skátarnir styðja við það með fjölskylduskátastarfi.**

Helsta markmið fjölskylduskátastarfs er að gefa börnum spennandi og þroskandi upplifun af skátastarfi, þar sem fjölskyldumeðlimir eru virkir þátttakendur úti í náttúrunni. Með því að stuðla að samverustundum í skipulögðu starfi fyrir börn ásamt ábyrgðaraðila er unnið að því að styrkja sambandið milli barnsins

og þess fullorðna sem stundar skátastarfið með þeim og auka sjálfstæði barnanna í umhverfi þar sem þau upplifa sig örugg og þannig efla náttúrutengsl, samfélagstengsl og fjölskyldutengsl.

Með því að bjóða upp á fjölskylduskátastarf ná félögin að bjóða upp á skátastarf fyrir stærri hóp einstaklinga. Fjölskylduskátastarf er bæði fyrir fólk sem voru skátar á sínum yngri árum en einnig góð leið fyrir skátafélagið að bjóða nýja einstaklinga velkomin í félagið.

# AF HVERJU ÆTTI FÓLK AÐ BYRJA?

## HVAÐ FÆR BARNIÐ?

Ungi skátinn fær tækifæri til þess að takast á við krefjandi og spennandi verkefni úti í nærumhverfi skátaheimilisins í öruggum aðstæðum með fjölskyldumeðlimum eða öðrum ábyrgðaraðila og skátaforingjum.

Fjölskylduskátastarf er tækifæri til þess að veita börnum undir þátttökualdri yngsta aldursbils í skátafélaginu möguleikann á því að taka þátt í krefjandi og spennandi skátaupplifun þar sem þau fá að upplifa það að vera virk í náttúrunni og deila þeirri upplifun með fjölskyldum sínum.

Þátttakendurnir reyna á skynfærin á öruggan hátt með hvatningu frá fullorðnum, eru hvött til að taka frumkvæði í að leysa verkefni, kynnst útiöldun, læra leiki og söngva og njóta útivistar.

Í fjölskylduskátum er skátinn að spreyta sig í nýju umhverfi og kynnist jafningjum í góðum leik. Þannig er unnið að því að auka sjálfstæði barnanna í umhverfi þar sem þau upplifa sig örugg.

## HVAÐ FÆR FJÖLSKYLDAN?

Skipulögð samverustund fjölskyldunnar með öðrum fjölskyldum í nærumhverfi sínu sem styrkir tengslin innan fjölskyldunnar, við náttúruna og við nærsamfélagið.

Fjölskylduskátastarf er frábær leið fyrir fullorðið fólk til þess að kynnast skátahreyfingunni með því að upplifa skátastarf á eigin skinni.

Foreldrar og aðrir fjölskyldumeðlimir taka virkan þátt með börnunum á skátafundum og þar skapast vettvangur fyrir foreldra og börn að stunda frístundastarf saman.

Stuðlað er að samverustundum fjölskyldunnar í skipulögðu starfi með öðrum fjölskyldum í nærumhverfinu en þannig styrkjum við tengslin milli fjölskyldumeðlima og við nærsamfélagið.

Því getur fjölskylduskátastarf verið góð fyrstu skref fullorðinna einstaklinga til þess að kynnast félagsstarfi innan skátanna og stækkað eigið tengslanet með öðrum fjölskyldum í sínu hverfi.



## HVAÐ FÆR FÉLAGIÐ?

**Að auka þátttöku fullorðinna innan félagsins, kynna skátastarfið betur fyrir fjölskyldumeðlimum skátanna og stuðla að upplýstari og jákvæðari ímynd skátahreyfingarinnar.**

Með fjölskylduskátum kynnast bæði börnin og fjölskyldumeðlimir skátahreyfingunni fyrr og betur sem mun stuðla að upplýstari og jákvæðari ímynd af skátastarfi.

Með virkri þátttöku fjölskyldumeðlima nær skátafélagið að stofna jákvætt samband milli sín og fjölskyldumeðlima skátanna sem styrkir skátafélagið áfram um ókomin ár með aukinni aðild fullorðinna.

Með því að taka fyrstu skrefin í skátastarfi með fjölskyldunni verður auðvelt að taka fyrstu skrefin í sjálfstæðu starfi sem drekaskáti þegar 7-8 ára aldri er náð.

Að auki býr fjölskylduskátastarf til vettvang fyrir eldri skáta til að koma aftur í starf með fjölskyldunni sinni. Þetta er því frábær leið til fá fleira fullorðið fólk í skátastarfið sem hefur þá öðlast reynsluna af því að vera þátttakendur í skátastarfinu og orðið hluti af skátafélaginu.



## FUNDARSTARF

**Fundarstaðir eru breytilegir eftir viðfangsefni og fjölskyldur fá tímanlega að vita staðsetningu næsta skátafundar.**

**Yfirleitt eru fundirnir ýmist aðra hverja helgi eða einu sinni í mánuði og u.þ.b. einn til þrjá klukkutíma í senn. Í langflestum tilfellum eru fundirnir utandyra og því mikilvægt að allir fjölskyldumeðlimir séu klædd eftir veðri.**

Börnin fá að taka þátt í skemmtilegri og spennandi skátaupplifun þar sem þau taka þátt í allskyns leikjum og verkefnum í náttúrunni og deila því með fjölskyldunni sinni. Foreldri sem og aðrir fjölskyldumeðlimir eru virkir þátttakendur með börnunum á öllum skátafundum og eru þar bæði til að upplifa skátastarfið sjálf og til þess að styðja börn sín og hvetja.

Í fjölskylduskátum eru foreldrarnir jafn miklir þátttakendur í skátastarfinu og ungu skátarnir og fá að reyna á eigin skinni út á hvað skátastarfið snýst.



## VIÐFANGSEFNI

# Á FUNDUM

### TILLÖGUR AF FJÓRUM FUNDUM

Fundirnir miða að því að fjölskylduskátar kynnast nokkrum af þeim helstu verkefnum sem skátar aðhafast í skátastarfinu ásamt fjölbreyttum útgáfum af setningu og slitum skátafundar.



### VARÐELDUR

Læra hvernig ber að hegða sér í kringum varðeld, hvenær má leggja eldivið á bálið, hvað má ekki setja á bálið, hvernig skal slökkva á báli, öryggi í kringum bál, að fullorðinn skal vera til staðar ef kveiktur er varðeldur og hvað á að gera ef það verða slys í kringum varðeld.

### NÁTTÚRAN

Hvernig á að koma fram við náttúruna, hvernig skiljum við hana eftir okkur, hvað sjáum við í náttúrunni í kringum okkur.

### AÐ TÁLGA

Hvernig á að halda á og meðhöndla hníf, hvernig skal rétta hnífa á milli fólks, hvernig á að sitja með hníf, hvað og hvenær má tálga, að fullorðinn þarf að vera til staðar og hvað á að gera ef það verða slys með hnífa.

### SKÁTASÖNGVAR

Mikið er um hefðir og siði í skátastarfi og oft eru skátafundir settir með skátasöng, það er ein leið til að tengja við táknræna umgjörð í skátastarfi. Einnig er hægt að slíta skátafundi með söng. Hægt er að syngja alltaf sama lagið eða breyta til og kynna skátunum fyrir fleiri lögum.

### SETNING OG SLIT

Þessar stundir eru mikilvægur hluti af skátafundunum til að marka hvenær skátafundirnir hefjast og hvenær þeir enda. Þessar stundir geta verið tól til að fá skátana í augnablikið, skilja eftir hugsanir og áhyggjur sem tilheyrta utan fundarins og að vera viðstödd, einbeitt og virkir þátttakendur á skátafundinum. Hægt er að nýta setninguna og slitin til að mynda tengsl innan sveitarinnar, taka stöðuna á öllum og heyra hvernig þeim líður. Að auki er hægt að nýta þessar stundir til að ramma skátafundina betur með táknrænni umgjörð.



# VARÐELDUR

## MARKMIÐ

Varðeldur er sameiningartákn í skátastarfi þar sem skátarnir koma saman í kringum eldinn, elda eða baka, syngja og segja sögur.

Í hefðbundnu skátastarfi er varðeldur mjög algengur á skátafundum, í útilegum og á skátamótum og munu ungu skátarnir vera mikið í kringum opin eld.

Því er mikilvægt að þau þekki hvernig skal meðhöndla og vera í kringum opin eld á öruggan máta og hvað skal gera ef einhver brennir sig eða ef slys ber að höndum.

## BÚNAÐUR

- Eldiviður
- Eldspýtur/kveikjari
- Söngvabók
- Sjúkrabúnaður

### Valkvætt

Eitthvað matarkyns til að grilla á eldinum eins og sykurpúða, hike-brauð, pylsur eða popp sem dæmi.

Þá þarf að hafa grill eða muurikku, grillpinna eða poppsigti.

## SETNING

- Útskýrum stuttlega skátaheitið og förum með það saman til að setja fundinn.
- Útskýra dagskrána, markmið fundarins, hvað þarf að gera og hverjir ætla að gera hvað.

## DAGSKRÁ

→ Hægt er að leita að eldivið í náttúrinni til að bæta á þann eldivið sem komið er með. Gott er að útskýra fyrir skátunum það helsta sem þarf að hafa í huga þegar kveikt er varðeld og fá þau til að aðstoða við að kenna hvort öðru um öryggi og meðhöndlun lifandi elds.

→ Haldin er kvöldvaka með skemmtilegum hreyfisöngvum og varðeldasögum í kringum varðeldinn. Gaman væri að sýna skemmtiatriði fyrir skátana sem býður skátunum upp á að taka þátt. Hægt er að fara í ýmsa varðeldaleiki og að lokum kvöldvökunnar er hægt að nýta eldinn til að grilla sykurpúða.

### Umræðuhugmyndir um varðeld

- Má kveikja eld hvar sem er?
- Hvað þarf að vera til staðar þegar við kveikjum varðeld?
- Má kveikja í hverju sem er?
- Er hægt að kveikja eld í hvaða veðri sem er?
- Hvað þarf að passa sig á í kringum varðeld?
- Hvernig á að bregðast við ef einhver slasar sig á eld?
- Hvernig göngum við frá varðeldinum þegar við erum búin?

## SLIT

→ Ræðum um mikilvægi þess að ganga frá opnum eldi á öruggan hátt og slökkvum í varðeldinum. Hægt er að syngja skátalag. Hægt er að slíta skátafundum með því að taka öll eitt hár af höfðinu. Þau sem eru með sítt hár geta lánað öðrum eitt hár. Svo er beðið eftir þögn og öll slíta hárið sitt. Önnur útgáfa er að einn skáti tekur hárið sitt og hin reyna að heyra þegar hárið slitnar.





# NÁTTÚRUBINGÓ

## MARKMIÐ

Að skátarnir kynnist náttúrunni betur í kringum skátaheimilið eða útvistarstaðinn í nágrenninu og efla tengsl sín við náttúruna. Með því að fara í rannsóknarleiðangur og leita að mismunandi náttúruhlutum þá lærum við í leiðinni tillitssemi í garð náttúrunnar. Hvað sjáum við í náttúrunni sem á heima þar og hvað á ekki heima í náttúrunni, hvernig komum við fram við náttúruna og hvernig skiljum við við náttúruna eftir okkur.

## BÚNAÐUR

- Kerti
- Bingóspjöld - Annað hvort hægt að gera sín eigin eða nýta náttúrubingóið úr Stuðkví verkefninu.

## SETNING

- Stöndum í hring og öll segja hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í náttúrunni.
- Þegar það er búið er markmið skátafundarins útskýrt.

## DAGSKRÁ

Á þessum fundi munu skátarnir kynna náttúrunni í sínu hverfi, hægt er að velja útvistarstað í nágrenninu eða grænan reit við skátaheimilið.

Til eru mismunandi útgáfur af náttúrubingó og krefst þessi dagskrárliður þess undirbúnings að ákveða hvernig bingó skal farið í og að útbúa bingóspjaldið:

- Ein útgáfa er að útbúa blað sem inniheldur bingóreiti þar sem myndir eru af mismunandi hlutum í náttúrunni, t.d. mismunandi steinar, greinar, laufblöð, tré, gras, pollar, rusl, skordýr o.s.frv.
- Önnur útgáfa er að vera með tóman eggjabakka þar sem krakkarnir safna saman mismunandi hlutum í holurnar í eggjabakkanum eins og t.d. sand, litlir steinar, stór steinn, laufblöð, sag, greinar og rusl.
- Minnum á að frjáls leikur úti í náttúrunni er einnig mikilvægur.

## SLIT

- Fundi slitið með leik. Til dæmis með finnska lyftuleiknum. En einnig má finna fleiri leiki í leikjabankanum á heimasíðu skátanna.





# BLIND NÁTTÚRUSKOÐUN

## MARKMIÐ

Skátarnir kynast náttúrunni og þeim hlutum sem búa þeirra nærumhverfi. Einnig þurfa skátarnir og fjölskyldumeðlimir að treysta hvort öðru þegar þau eru með bundið fyrir augun.

Hægt er að breyta útfærslunni á blindabrautinni eftir hentugleika þar sem margar mismundandi útfærslur eru til t.d. að öll fari úr skónum og gangi berfætt á grasi, hægt er að sleppa snærinu og hafa náttúruhlutina liggjandi á jörðinni og þau þurfa að leiða hvort annað að þeim.

## BÚNAÐUR

- Kerti
- Snæri
- Þvottaklemmur
- Náttúruhlutir - Annað hvort það sem þið finnið í umhverfinu eða hlutir sem eru fyrirfram ákveðnir)

## SETNING

→ Skátarnir stimpla sig inn með því að standa öll í hring og segja frá einu skemmtilegu atviki eða hlut sem átti sér stað frá því að þau sáust síðast eða kveikja á kerti.

→ Þegar búið er að kveikja á kertinu er gott að ræða við hópinn um viðfangsefni dagsins. Útskýra dagskrána, markmið fundarins, hvað þarf að gera og hverjir ætla að gera hvað.

## DAGSKRÁ

→ Við ætlum að búa til litla slóð sem fer ákveðna vegalengd á afmörkuðu svæði.

→ Hægt er að binda snærið innan um tré eða inn á milli hrauns þar sem auðvelt er að feta sig með bundið fyrir augun án þess að slasa sig. Síðan eru notaðar þvottaklemmur eða snæri til að binda alls konar hluti úr náttúrunni á snærið. Skátarnir eiga svo að ganga eftir snærinu með bundið fyrir augun og þegar þau koma að þvottaklemmu þá eiga þau að giska hver hluturinn er.

→ Skátarnir geta fylgst með fjölskyldumeðlimum fara í gegnum brautina, aðstoðað og hvatt þau áfram og svo ruglað í hlutunum á þvottaklemmunum fyrir næsta.

## SLIT

→ Skátarnir stimpla sig út með því að standa í hring og segja hvað þeim fannst skemmtilegast eða áhugaverðast á skátafundinum.

→ Svo er hægt að syngja lag og slökkt á kertinu.





# TÁLGUN



## MARKMIÐ

Skátar læra hvernig á að halda á og meðhöndla vasahníf þannig að þau skaða ekki sjálf sig eða aðra.

Læra hvernig eigi að taka á móti vasahnífum og rétta þá og einnig hvernig eigi að ganga frá þeim.

Læra að nota vasahnífa á nytSAMLEGA vegu.

## BÚNAÐUR

- Kerti
- Vasahnífar
- Greinar
- Eldiviður
- Kveikjari/eldspýtur

## SETNING

→ Staðið í hring og sungið tendraðu lítið skátaljós og kveikt á kerti. Að því loknu er hægt að telja niður og öll setjast niður á sama tíma.

→ Þá er formlega búið að setja fundinn.

→ Útskýra dagskrána, markmið fundarins, hvað þarf að gera og hverjir ætla að gera hvað.

## DAGSKRÁ

→ Á þessum skátafundi verður tálgað og kveikt varðeld með spæni.

→ Mikilvægt er að fara yfir hvernig á að meðhöndla hnífa, hvernig á að halda á þeim, hvernig á að rétta hvert öðru hnífana, í hvaða átt á að tálga, hvernig á að sitja með hnífana. Hvað má tálga og hvað ekki. Hvað skal gera ef það verða slys og hversu mikilvægt það er að hafa alltaf fullorðin með ef unnið er með vasahnífa. Gott er að eiga þessar samræður á meðan verið er að nota vasahnífana svo skátarnir sjái sjónrænt hvað er verið að ræða og geta síðan æft sig sjálf.

→ Ef skátarnir eru eldri og hafa prófað áður er hægt að fara lengra heldur en að tálga spæni og gaman er að reyna að tálga eitthvað sem hægt er að leika sér með eins og boga og örvar, blýanta og litlar stytur.

## SLIT

→ Staðið í hring, sungið skátalag, slökkt á kertinu og tekist í hendur.

→ Skátarnir byrja að færa sig eitt skref í einu aftur á bak svo hringurinn strekkist. Svo að lokum þá slitnar keðjan og þá er fundi slitið.











SKÁTARNIR